

**Nd.**

### **36. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 48 19. maí 1930, um gagnfræðaskóla.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Síðari málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er enn fremur ríkisstjórninni að láta efna til gagnfræðaskóla á Siglu-  
firði, Norðfirði, Seyðisfirði og Akranesi, þegar kaupstaðir þessir óska þess og upp-  
fylla skilyrði laga þessara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. svipað þessu var flutt á þinginu 1940 af menntmn. Ed., og fylgdi því þá svo  
hljóðandi greinargerð:

„Frumvarp þetta er flutt samkvæmt tilmælum þingmanns Seyðfirðinga og sam-  
kvæmt ósk bæjarstjórnar Seyðisfjarðar. En Seyðisfjörður er hinn eini kaupstaðanna,  
sem lögin um gagnfræðaskóla ná eigi til. Er það eindregin ósk bæjarstjórnarinnar og  
bæjarbúa yfirleitt, að úr þessu misræmi verði nú bætt. Undanfarin ár hefur starfað  
unglingaskóli á Seyðisfirði, og hefur hann fengið húsrúm í barnaskólanum. Til bráða-  
birgða má gera ráð fyrir, að gagnfræðaskólinn geti notast við þetta húsnæði.“

Síðan hafa verið samþ. á Alþingi lög um bæjarréttindi á Akranesi. Eftir ósk  
ráðandi manna á Akranesi og þingmanns Borgfirðinga hefur verið tekin upp í frv.  
till. um sömu réttindi fyrir Akranes til að stofna gagnfræðaskóla sem aðra bæi.